

Fundur 13.11.2023 Steve Harvest frá Ohio USA.

Góða kvöldið komið þið sæl og blessuð.

*Góða kvöldið.*

Er það rétt að ég tali við fólk á gömlu jörðinni að þessu sinni?

*Það er rétt.*

Það gleður mig mjög og veit ég að það eru fleiri sem telja sig tala við anda en fólk af holdi og blóði og gleður það mig að komast á ykkar fund.

*Og vertu bara velkominn.*

Já takk fyrir.

Við erum hér nokkurs konar andspyrnu hópur og framfara sinnaður hópur á þessum hnetti og er ég fullur bjartsýni og lífsgleði og sigurvissu þótt aðstæður séu erfiðar og búa margir á þessum hnetti og tel ég að mögulegt sé að einhverjir hafi náð sambandi við ykkur áður.

Finnst mér óendanlega mikilvægt að hafa fengið heilsuna aftur og hef hér sameinast syni mínum og er hann við fulla heilsu, þótt hann hafi dáið barn að aldri.

Og er það mér mjög mikilvægt, og eru Íslendingar eina þjóðin sem getur komið með vísindalega útskýringu á þessum málum og fengið mína fjölmennu þjóð til að snúast á lífstefnu brautina og forða því að fleiri þurfi að lenda í sömu örlögum og ég og fleiri.

Og er hér sterkur og fjölmennur andspyrnu hópur og hef ég fengið margvíslegar fréttir um það að brátt verði reynt að bjarga okkur úr þessum stað, hvort sem það verður yfir á aðra jörð eða innan þessa sama hnattar.

Frétti ég af því að aðstæður þær sem eru algengar hjá okkur, komi einnig oft upp hjá ykkur og nefnt Ísland eldfjallaeyjan, er ekki svo?

*Já það er rétt.*

Já,

*Eldgos tölvvert og mikið af jöklum hér líka, stórum jöklum.*

Já.

*Og eldgos í jöklinum, og þegar gýs, þá brýst fram mikið flóð eða framhlaup.*

Já, ég kannast við ýmislegt svoleiðis úr okkar landslagi, hér er mikið um eldgos og óróa í landinu og við höfum þekkinguna til að styðja okkur við og það er þekkingin sem veitir okkur von og baráttuanda.

Og ég var svo ánægður þegar ég kom fram á þessari jörð að fá útskýringar á þessum málum að ég lét mér það í léttu rúmi liggja þótt myrkur sé hér mikið og jarðhræringar eldgos og slíkt.

Og viljum við mjög gjarnan að spádómar þeir rætist að Ísland verði fyrsta landið til að koma fram með þessa Nýals kenningu og samband við aðrar stjörnur, svo að helstefnan megi undan láta.

Og ætla ég mér að komast á annan hnött þar sem ég næ tengslum við fleiri ættingja og vini og hef ég notað öll þau ár vel sem ég hef verið hér og höfum við tekið vel á móti björgunarleiðöngurum sem koma frá betri hlutum hnattarins og eru þeir einnig á framfara brautinni en árásir eru gerðar á þá og jafnvel úr lofti. Og væri merkilegt frá því að segja við tækifæri.

Var ég heiðinn á jörðinni og hjálpaði mér það því að skilja þetta á réttan hátt, þegar ég kom hér yfir og var mér sagt frá mikilli tilraun þess myrkrahöfðingja Jahve að refsa okkur fyrir allt það sem stendur í Biblíunni.

En yngri kynslóðir hafa ekki farið eftir í jafn miklum mæli og eldri kynslóðir og var tilvera okkar hér útskýrð þannig að Jahve væri orðinn ópolinmóður með harmageddon og væri því farinn að refsa í smáum stíl fyrir það sem reynt yrði að refsa fyrir síðar.

En ekki hefur hann tök á því að fullu og því munum við komast á betri hnött innan tíðar og höfum fengið mörg sambönd nú á skömmum tíma við þá sem ætla að koma okkur til bjargar.

Og er þetta víst allt hluti af stærri hreyfingu í helstefnu áttina og árásum á frumlífs jarðir og framlífs jarðir.

Bandarískur maður, ég, það ætlaði að koma hér annar maður í stað mín en ég kom í staðinn þar sem ég hef verið hér miklu lengur í þessum málum og fer að styttest í því að ég komist á framfara jörð.

Og höfum hér miklu fleiri frásagnir af fólki sem er verr statt, ég braut margsinnis gegn Biblíunni og er því hér fram kominn, en ólst ég þó upp við kristna trú og hluti af því stilli aflsvæði og mun það hafa átt þátt í framkomu minni á þessari jörð.

Ég vildi gjarnan segja nafn mitt áður en ég kveð ykkur og ástæður fyrir því að ég er hér fram kominn, en orkan er að minnka, Steve Harvest.

*Hvar í Bandaríkjunum áttir þú heima?*

Ohio.

*Má ég spurja þig spurninga?*

*Vitið þið hver þessi Jahve er, er hann einn af þessum Síónsguðum sem hérna sumir halda fram að sé raunverulega hinn fallni engill eða er þetta Loki sjálfur?*

Já Loki sjálfur.

Já.

Hinn eini sanni, hefur víða áhrif í geimnum og stofnar mikil trúarbrögð og samtök í kringum það allt saman.

Já ég, það eru ákveðnir lifnaðar hættir sem komu mér hingað, framhjáhald, húðflúr sem bannað er og kynvilla, en það er nú allt á réttri leið og hef ég notið leiðsagnar í marga áratugi og er hér komin fram á hluta hnattarins þar sem þekking er talsverð og við bíðum þess að björgunarleiðangur sá komi sem við höfum fregnir af og vildum vara ykkur við því að áhrif Jahves ná til jarðarinnar gömlu og betra að brjóta ekki gegn honum, heldur syndga varlega og það eru svo margvíslegir þættir hér í.

Vildi segja frá því hvað ég hef starfað við, hér eru tré nokkurs konar og á þessum stað á hnettinum eru þau úr timbri eins og á jörðinni og hef unnið sem skógarhöggismaður, en annars staðar á hnettinum, þar sem ég fyrst kom fram, eru þau kvoðukennd og sveppakennd og vann ég þá einnig við að höggva þau niður með öðrum eða hluta þeirra sem hafa lifað nokkur æfiskeið á sama hnettinum og tók það mig langan tíma að þjálfa mig í þeirri iðn.

Og getum við notað eldiviðinn til að hita upp híbýli okkar, en væri fróðlegt að segja frá hversu erfitt það var er ég fyrst kom á þennan hnött.

*Hvenær fluttir þú?*

Það eru nokkrir áratugir, ekki orðin hundrað ár, en fer að nálgast það.

*Þrjátíu og eitthvað kannski?*

Já, já, vann við sjómennsku þar áður á jörðinni, verð ég nú að kveðja, þakka ég kærlega fyrir gott hljóð og Steve Harvest, reyni að koma síðar, verið þið sælir.

*Vertu sæll.*

*Blessaður og gangi þér sem allra best.*

*Þakka þér fyrir komuna.*

Takk.